LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Guðlaugur Þór Þórðarson
utanríkisráðherra

20. ágúst 2019

Sæll Guðlaugur

Í fréttaþættinum „Sprengisandur“ sl. sunnudag, 18. ágúst, bar á góma fyrirhuguð heimsókn varaforseta Bandaríkjanna. Af orðum þínum má ætla að í viðræðum ykkar á milli muni viðskipti landa ykkar bera á góma.

Hér með er vakin athygli yðar á að lög um vernd sjávarspendýra í Bandaríkjunum að stofni til frá 1972 geta valdið stórkostlegum áhrifum á útflutning sjávarafurða.

Árið 2016 tóku gildi ákvæði laganna gagnvart innfluttum sjávarafurðum til BNA og koma þau að fullu til framkvæmda 1. janúar 2022. Ákvæðið felur í sér bann við innflutningi sjávarafurða frá löndum sem ekki hafa sambærilegar eða sömu reglur og BNA um vernd sjávarspendýra við fiskveiðar. Innflutningslönd þurfa m.ö.o. að geta sýnt fram á að meðafli sjávarspendýra við veiðar sé óverulegur eða enginn.

Við greiningu flokka bandarísk yfirvöld einstaka veiðar eftir hversu mikil hætta er á að sjávarspendýr komi sem meðafli við þær. Eins og staðan er í dag er hætt við að grásleppuveiðar muni lenda í flokki sem fellur undir veiðar þar sem mest hætta er á meðafla sjávarspendýra. Takist stjórnvöldum ekki að sýna fram á með óvéfengjanlegum hætti að grásleppuveiðar skaði ekki sjávarspendýr, á Ísland á hættu að BNA setji á viðskiptabann sem tekur til allra sjávarafurða.

Landssamband smábátaeigenda hefur af þessu verulegar áhyggjur þar sem afkoma fjölmargra félagsmanna er háð góðri afkomu af grásleppuveiðum. Má ætla að nýafstaðin vertíð hafi fært 240 útgerðum 1,6 milljarði í aflaverðmæti.

Hér með er þess farið á leit við yður að þér takið málefnið til umræðu á væntanlegum fundi með Mike Pence, varaforseta Bandaríkjanna. LS er reiðubúið að veita frekari upplýsingar sé þess óskað.

Virðingarfyllst

Axel Helgason formaður

Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Landssamband smábátaeigenda | Hverfisgötu 105 | 101 Reykjavík | Sími 552 7922 | ls@smabatar.is | smabatar.is